



64. Frjálsíþróttabætur

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

Frjálsíþróttabætur 2024 - Þinggerð

64. Frjálsíþróttabætur, haldið á Sauðárkróki 15. og 16. mars

Föstudagur 15. mars kl. 17.00-22.30

Ávarp formanns FRÍ

Freyr Ólafsson formaður FRÍ opnaði þingið með því að sýna stutt myndband úr starfinu og ávarpa síðan þingið.

Við sem störfum að frjálsíþróttum erum að vinna af hugsjón og starf okkar hefur tilgang. Við höfum eins konar köllun sem við reynum að svara. Á þinginu erum við að ramma inn starfið og stilla okkur af fyrir framtíðina. Freyr vitnar í orð Guðrúnar sem fékk viðurkenninguna íþróttaldhugi ársins hjá ÍSÍ og segir sjálfsgagt mál að starfa af hugsjón áratugum saman fyrir íþróttahreyfinguna. Með okkar starfi getum við breytt lífum. Það þarf eldhuga og sjálfbæðaliða til að halda starfinu gangandi, kveikja neistann hjá unga fólkinu og koma því af stað í sinni íþrótt. Það er okkar að breiða út fagnaðarerindið. Stundum föllum við í þá gryfju að finna andstæðinga hjá íþróttahreyfingunni og öfundumst út í íþróttir sem hafa fleiri iðkendur en við. En stærsti óvinurinn í dag er e.t.v. frekar snjallsíminn sem bæði börn og fullorðnir hafa ánetjast eins og fíkniefnum. Við erum með aðgengilegustu íþrótt sem hægt er að hugsa sér göngu og hlaup, stökk og köst og þurfum að halda áfram að ná fólki inn í þær íþróttir. Það leiðir enginn þetta starf áfram fyrir okkur. Við þurfum að vera dugleg að hvetja áfram fólkið sem er að vinna með okkur og þrýsta á sveitarfélögin að styðja við félögin.

Freyr endar ræðu sína á þökkum til þingfulltrúa, sem eru meðal þeirra sem halda starfinu gangandi fyrir hreyfinguna og sýnir myndband frá HM í utanvegahlaupum.

Þingsetning

Formleg þingsetning í framhaldi af ávarpi formanns.

Þingforsetar kjörnir Gunnar Sigurðsson og Gunnar Þór Gestsson.

Þingritari kjörinn Rannveig Oddsdóttir.



64. Frjálsíþróttabing

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

Ávörp gesta

Gunnar Þór Gestsson varaformaður UMFÍ og formaður UMSS

Gunnar Þór ber þinginu kveðju frá stjórn og framkvæmdastjórn UMFÍ og þakkar samstarfið. Segir frá því að UMFÍ sé langt komið með að verða landssamtök. Sum íþróttabandalög voru ekki aðilar að UMFÍ en eru að tínast inn núna og styttest í að öll íþróttabandalög verði komin inn þannig að UMFÍ geti talist landssamtök. UMFÍ hefur unnið mikið með ÍSÍ undanfarið, meira en áður sem meðal annars helgast af því að félögin eru nú komin undir sama þak í Laugardalnum. Mismunandi áherslur og kröfur hjá UMFÍ og ÍSÍ. Gunnar Þór segir UMFÍ meira vera með „allir með“ áherslu en ÍSÍ sé aftur á móti með „við skulum vinna þetta“ áherslu. UMFÍ vill gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í sem flestum greinum. Meiri áhersla á þátttöku en að vinna og er það meðal annars áherslan á unglingslandsmótunum. Breytingar voru gerðar síðastliðið sumar á skipulagi landsmótanna sem hvatti þátttakendur til að vera með í sem flestum greinum og það skilaði sér meðal annars í þátttökunni í frjálsum. Frekari samstarfsgrundvöllur fyrir UMFÍ og FRÍ í kringum unglingslandsmótin. UMFÍ og ÍSÍ eru með eitt verkefni saman sem er að koma upp svæðisskrifstofum. Átta svæði á landinu og nú er verið að auglýsa tvær stöður á hverjum stað og það fólk á að styðja við íþróttastarfið á hverju svæði svo starfið geti orðið öflugra og faglegra. Búa til fjölbreytta hreyfingu fá sem flesta inn, svo sem hópa sem hafa síður tekið þátt eins og fólk af erlendum uppruna og fólk með fötlun.

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi ÍSÍ

Viðar ber þinginu kveðjur frá ÍSÍ og rifjar upp feril sinn sem frjálsíþróttamaður sem var stuttur en bjó þó til góðar minningar frá Sumarhátíð ÚÍA sem sýnir hvað viðburðir íþróttahreyfingarinnar eru mikilvægir fyrir æsku landsins. Viðar segist yfirleitt vera sammála Gunnari Þór en er ekki alveg sammála því að ÍSÍ sé alltaf að hugsa um keppni en UMFÍ um þátttökuna. Í stefnu ÍSÍ er lögð áhersla á þátttökuna í barna og unglingsstarfinu og upp að 10-12 ára aldri á áhersla á keppni ekki að vera of mikil. Viðar minnir á verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Viðar hvetur félög til að fara í þá vinnu sem þarf til að fá þá viðurkenningu því það skilar sér inn í starfið og það verður betra. Minnir líka á þjálfaramenntun. ÍSÍ heldur utan um almenn námskeið sem henta öllum sem koma að þjálfun. Sér samböndin halda hins vegar utan um sérmenntunina fyrir sína íþróttagrein. Þar hefur verið unnin góð vinna á undanförunum misserum hjá FRÍ og nú eru námskeið aðgengileg í fjarnámi. Aukin þekking þjálfaranna okkar mun leið til enn betra starfs og árangurs í íþróttinni.

Jónas Egilsson, heiðursformaður FRÍ

Jónas lofsamar það öflugra og góða starf sem er innan hreyfingarinnar og minnir á að það starf stendur og fellur með sjálfboðaliðum. Minnir á að það þarf að sýna sjálfboðaliðum þá virðingu sem þeir eiga skilið. Störf þeirra eru ávallt vanmetin. Rifjar upp að hann starfaði mikið fyrir hreyfinguna héraðs og erlendis. Smáþjóðaleikar eitt af því sem kom út úr því starfi. Upphafið að því að sýna kraftinn í starfinu hjá litlu þjóðunum. Hlutfallslega fleiri iðka íþróttir og þá ekki



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

síst frjálsíþróttir hjá litlu þjóðunum en þeim stærri. Færir þinginu kveðju Magnúsar Jakobssonar annars fyrrum formans FRÍ.

Minning um látna félaga

Freyr Ólafsson, formaður minntist látinna félaga sem lögðu mikið af mörkum fyrir hreyfinguna og voru öll gullmerkishafar. Þingfulltrúar rísa á fætur og minnst þeirra með stuttri þögn.

- Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
- Ásbjörn Karlsson
- Ásmundur Bjarnason
- Eiríkur Haraldsson

Afhending heiðursviðurkenninga

Freyr Ólafsson, Formaður FRÍ afhenti heiðursviðurkenningar.

Eirmerki hlutu:

- Arna Stefanía Guðmundsdóttir, FH
- Birna Friðbjört Hannesdóttir, HHF
- Burkni Helgason, ÍR
- Eyrún María Guðmundsdóttir, HSK
- Finnur Friðriksson, UFA
- Guðmundur Hólmar Jónsson, USHV
- Jón Bjarni Bragason, Breiðablik
- Kristín Sóley Björnsdóttir, UFA
- Kristinn Torfason, FH
- Oddný Kristinsdóttir, Ármann/FÍRR
- S. Arnar Björnsson, UMSS
- Stefán Ragnar Jónsson, Breiðablik
- Thelma Knútsdóttir, UMSS
- Theodór Karlsson, UMSS/Fjölnir/ÍF

Silfurmerki hlutu:

- Ari Jósavinsson, UFA
- Árni Georgsson, Ármann
- Friðleifur Friðleifsson, FH/FRÍ
- Haukur Valtýsson, UMFÍ
- Ingveldur Hafdís Karlsdóttir, ÍR/FRÍ
- Margrét Brynjólfssdóttir, HHF
- Ómar Bragi Stefánsson, UMFÍ
- Valdimar Gunnarsson, UMSK
- Þórey Edda Elíasdóttir, USVH/ÍSÍ

Gullmerki hlutu:



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Friðrik Steinsson, UMSS
- Geirlaug Geirlaugsson, Breiðablik
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, HSB

Heiðursfélagar:

- Gunnar Sigurðsson, UMSS
- Ingimundur Ingimundarson, UMSB

Kynning á skýrslu stjórnar

Freyr Ólafsson formaður kynnti skýrslu stjórnar og dróg sérstaklega fram nokkur atriði.

Samstarfi um afreksstarf hefur verið komið á fót með ráðningu Vésteins Hafsteinssonar til ÍSÍ. Verið er að móta útfærslur en vonandi verður þessi vinna til þess auknu fé verði varið í afreksstarf hjá FRÍ.

Það er ekki komin niðurstaða í útfærslur varðandi byggingu á nýjum þjóðarleikvangi. Nú er þó ávallt talað um leikvangana og gert ráð fyrir að byggt verði annars vegar fyrir frjálsar íþróttir og hins vegar fyrir fótboltann. Annar völlurinn verði í Laugardalnum en hinn við Suðurlandsbraut en ekki búið að útkljá hvor íþróttin verður á hvorum staðnum.

Nokkrir íþróttamenn náðu á liðnu ári háklassaafrekum á stórmótum, en við þurfum slík afrek til að halda okkur í A flokki samkvæmt afreksstefnu ÍSÍ. Það var tæpt á tímabili en Baldvin Þór Magnússon hlaupari og kastararnir Himar Örn Jónsson og Guðni Valur Guðnason tryggðu okkur það að sinni.

Fjöldi iðkenda er farinn að aukast á ný eftir niðursveiflu í covid. Það tók nokkurn tíma að ná iðkendum inn aftur eftir covid en nú hefur verið metþáttaka á mörgum mótanna sem lofar góðu fyrir framhaldið.

Góð skref hafa verið stigin í fræðslumálum. Gunnhildur Hinriksdóttir er búin að setja upp námskeið fyrir frjálsíþróttþjálfara sem er aðgengilegt á canvas kerfi ÍSÍ.

Kynning á ársreikningum 2022 og 2023

Auður Árnadóttir kynnti ársreikninga FRÍ fyrir árin 2022 og 2023.

- Tekjur 93.150.000 árið 2022 og 116.907.000 árið 2023.
- Gjöld 109.952.000 árið 2022 og 116.361.000 árið 2023.
- Tap 2022 16.492.000 en hagnaður 1.952.000 2023.
- Eigið fé og skuldir samtals 35.364.000 2022 og 34.493.000 2023.

Sigurður Pétur spyr um tap og eigið fé þessi tvö ár. Ef það er tap 2022 upp á 16,5 milljónir þá ætti það að koma fram í lækkun eigin fjárs árið á eftir því tekjur og útgjöld 2022 og 2023 borguðu ekki þennan halla. Hvernig var þessi halli fjármagnaður? Auður segir tapið á árinu 2022 hafa haft neikvæð áhrif á eigin fé

64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

á því ári, eiginfjárlutfallið lækkaði á því ári. Hallinn kemur því fram í breytingu milli 2021 og 2022. Þetta er hægt að sjá í ársreikningi 2022, en eiginfjárstaða 2021 var rúmlega 41 milljón.

Sveinn Margeirsson spyr um skuldbindingu vegna eigna FRÍ hvað sé þar að baki. Freyr svarar því til að það hafi verið farið í það að kaupa sýningarrétt á frjálsíþróttamótum fyrir mörgum árum og þá var stofnað félagið FRÍ ehf til að halda utan um það því það var talin fjárhagsleg áhætta í því. Ekkert inni í því félagi í dag nema krafa frá RÚV, svo það sannaði sig að það var betra að halda þessu sér.

Ingimundur Ingimundarson biður um orðið og ræðir um útbreiðslumál. Telur mikilvægt að koma á einhverskonar keppni sem vekur athygli á frjálsum og virkar til að ná inn nýjum iðkendum, e.t.v. eitthvað í líkingu við Skólahreysti. Rifjar upp slíkt útbreiðslustarf á árum áður.

Framlagning mála

Þingforseti lagði fram tillögur að skipun nefnda á þinginu.

- Allsherjarnefnd: Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Thelma Knútsdóttir og Örvar Ólafsson.
- Laganefnd: Sigurður Haraldsson formaður, Snjólaug M. Jónsdóttir og Helena Magnúsdóttir.
- Fjárhagsnefnd: Hjördís Ólafsdóttir formaður, Sigurður Pétur Sigmundsson og Hulda Berglind Árnadóttir.

29 tillögur liggja fyrir þinginu. Samþykkt að allar tillögur fari beint til nefnda en verði ekki kynntar og ræddar áður en þær fara í þá umræðu. Allar tillögur koma svo fyrir þingið aftur á seinni degi þess og þá er hægt að ræða þær tillögur sem nefndir hafa sett fram um afgreiðslu þeirra. Sigurður Haraldsson veltir því upp hvort leggja ætti nokkrar tillögur undir tvær nefndir. Þingforseti segist ekki hafa góða reynslu af því. Telur betra að nefndirnar komi saman til að ræða um þær.

- Allsherjarnefnd tekur til umræðu tillögur nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 14, 18, 19, 23, 24, 25, 26 og 27.
- Laganefnd tekur til umræðu tillögur nr. 12, 20, 21, 28 og 29.
- Fjárhagsnefnd tekur til umræðu tillögur nr. 15, 16, 17 og 22.

Störfum í nefndum lokið um kl. 22.30



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

Laugardagur 16. mars kl. 9.00-14.11

Málstofa

Dagskrá gerði ráð fyrir að fjallað yrði um tvö málefni; FRÍ – heimili hlaupanna og Öflugri félög – öflugri íþrótt, í tveimur aðskildum málstofum. Þingforseti leggur til að málstofurnar verði sameinaðar í eina þar sem efni þeirra eru nátengd og þingfulltrúar samþykktu þá tillögu.

Freyr Ólafsson formaður kynnti málefnið og opnaði umræðuna. Byrjaði á að sýna nokkrar glærur um tölfræði varðandi íþróttaiðkun í landinu og fjölda iðkenda í frjálsum og öðrum íþróttum, samkvæmt upplýsingum úr félagatali ÍSÍ. Frjálsar íþróttir voru með 3.574 iðkanir samkvæmt félagatali ÍSÍ 2022 og langflestir eru innan við 20 ára. Freyr bendir einnig á að mikill fjöldi fullorðinna er skráðir undir almenningsíþróttir í félagatal ÍSÍ, þar á meðal hlauparar. Það er vilji FRÍ að öll þau sem iðka frjálsar íþróttir séu skráðir innan hreyfingarinnar.

Sveinn Margeirsson tekur við og sýnir að það er líka kynjahalli varðandi fullorðna mun fleiri karlar en konur eru skráðir iðkendur og fjöldinn er eðli málsins samkvæmt mestur á þéttbýlustu svæðum landsins, kemur bæði til af mannfjöldadreifingu en líka af því að lægra hlutfall íbúa í dreifðari byggðum stunda íþróttir. Frjálsar eru íþrótt sem hentar vel í fámennari byggðum og flest geta fundið grein við hæfi þar innan. Það er sóknarfæri í frjálsum sem og öðrum íþróttum í dreifðari byggðum því það er líka eitt af því sem gerir eftirsóknarvert að búa á hverjum stað. Bendir líka á tækifærin sem felast í því að ná hlaupurunum betur inn. Hlaupin eru aðgengileg íþrótt og ef fullorðið fólk hleypur er ekki ólíklegt að það smitist til barnanna.

Freyr og Rannveig kynntu hugmyndir um leiðir til að ná hlaupurunum inn í hreyfinguna. Búið er að móta leiðir til að opna betur fyrir skráningu hlaupara inn í FRÍ. Annars vegar í gegnum þau félög sem nú þegar eru innan FRÍ með því að gera hlaupurunum sem nú eru utan hreyfingarinnar auðveldara að skrá sig í félögin þótt þeir sæki jafnvel ekki þjálfun þangað og líka með því að styrkja eða stofna hópa innan félaganna og gæta þess að hlauparar sem æfa með þeim séu rétt skráðir í félagatal ÍSÍ. Hins vegar með því að auðvela hópum sem nú þegar eru starfandi að gerast aðilar að hreyfingunni. Til að ná hlaupurunum inn þurfa hlauparar samt líka að sjá sér einhvern hag í því að vera í samtökunum. Fyrir sterkari hlaupara er skráning á afrekum ákveðin gulrót en það er aðeins lítill hluti hlaupara. Flestir hlauparar taka hins vegar þátt í hlaupaviðburðum og ef FRÍ getur sinnt því hlutverki að styðja við hlaupahaldið er það eitthvað sem skilar sér til breiðari hóps. Eins vilja margir hlauparar styðja við afreksstarf í hlaupum þótt þau séu ekki sjálf á toppnum og sjá t.d. landslið í greininni á mótum erlendis.

Nokkur umræða varð um félagamálin s.s. hvað varðar hlaupara sem æfa með hópum sem eru ekki hluti af hreyfingunni en skrá sig í íþróttafélag til að vera



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

skráð í hreyfinguna. Undir hvaða merkjum keppir þetta fólk í hlaupum þegar það er ekki skylda að keppa fyrir félag undir FRÍ?

Gunnar Sigurðsson tekur til máls. Hvernig dregur FRÍ til sín nýja iðkendur? Ef það kostar 1500 kr inn þá kallar það ekki á mjög marga. Það þarf einhverja gulrót til að koma inn. Afrekaskráningin kallar ekki á alla. Það vantar að hans mati einhverja gulrót fyrir aðra. Þar skiptir félagslegi þátturinn mestu máli. Fólk þarf að finna að það eigi heima í þessari hreyfingu.

Sigurður Pétur tekur til máls. Tekur undir að það sé mikilvægt að fá hlaupin inn og fagnar því að sú vinna sé komin af stað. Líkt og Gunnar bendir hann á að hlauparinn þarf að sjá hvað hann fær sem félagi í hreyfingunni. Utanumhald um hlaupin, hlaupadagskrá og útslit hlaupa. Þetta var á hendi FRÍ til 2002 eða 2003 en undanfarin ár hefur einkaaðili (Torfi á hlaup.is) sinnt þessum þætti en ekki FRÍ. Afrekaskrá FRÍ í hlaupum ekki í lagi eins og er þannig að hlauparar eru hættir að fara inn á hana. Það þarf að laga og mögulega gæti samstaf við hlaup.is hjálpað þar. Aðstoð við hlaupin er komin í ágætt form, þar hefur FRÍ verið að gera vel á síðustu árum. Sigurður Pétur telur einnig að heldur bratt hafi verið farið af stað með innheimtu gjalda af hlaupum lagt til að það væri 500 kr af hverju hlaupi en var síðan lækkað í 150 kr. Hann spyr hvort þetta sé sama gjald fyrir alla eða hvort stóru hlaupin greiði minna? Þetta vilja hlaupahaldarar vita. Rifjar líka upp sögu Reykjavíkumaraþons. Reykjavíkumaraþon skilað á sínum tíma tekjum til FRÍ en svo færðist það yfir til ÍBR og síðan þá hafa tekjur ekki skilað sér beint til hlaupanna. Tekjurnar eru nýttar til að styrkja fjölbreyttar íþróttir innan ÍBR. Sigurður Pétur telur að FRÍ þurfi að reyna að ná stærri hluta af þessum tekjum til baka. Bendir að lokum á að stór hluti hlaupara hefur ekki svo mikinn áhuga á afrekum og veit ekki hvað FRÍ er, það þarf að skoða hvernig við náum til þess hóps.

Freyr svarar. Frágengið að viðurkennd hlaup, þ.e. hlaup sem fylgja reglugerð FRÍ um framkvæmt götuhlaupa, fara inn í afrekaskrá en önnur ekki. FRÍ vonar að fleiri mótshaldarar vilji hafa hlaupin sín viðurkennd. Samtal hefur átt sér stað við Reykjavíkumaraþon og þau hafa verið að greiða sama gjald og aðrir fyrir sín hlaup þ.e. 150 kr á keppanda. En valdi síðasta ár að hafa bara hálf- og heilt inni en ekki 10 km. Í grunnin snýst þetta allt um félagshlutann bæði varðandi hlaupahaldara og hlauparana. Fólk þarf að finna að það tilheyri og vilja leggja til samfélags hlaupara. Þá skiptir líka máli að FRÍ geti boðið þjónustu eins og aðgang að námskeiðum fyrir þjálfara, dómara o.fl.

Spurt er hvort ÍSÍ sé með tryggingar fyrir íþróttafólk sem keppir undir þeirra merkjum. Fundarmenn telja að engin slík trygging sé til staðar en það er einmitt eitt af því sem víða erlendis er hluti af því sem fær hlaupara til að skrá sig í félög. Þeir þurfa að hafa tryggingu í almenningshlaupum og fá hana í gegnum félögin.

Örvar tekur upp umræðuna varðandi öflugri félög. Uppbygging félaganna og hvernig getum við gert félögin sterkari. Starfið byggist á sjálfboðastafi. Fleiri félög þyrftu að geta verið með fólk á launum til að sinna starfinu. Samfélagið er



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

breytt og við sjáum t.d. að fólk af erlendum uppruna kemur síður inn í hreyfinguna, að ná þeim inn er eitthvað sem er ekki hægt að byggja á sjálfboðaliðum. Snjólaug bendir á að sveitarfélögin þyrftu að koma inn í það líka. Sveitarfélögin eru stundum að vinna að þessum málum án þess að hafa íþróttahreyfinguna með. Örvar tekur undir það, þurfum að vinna þetta saman. Ríkið þyrfti líka að veita meira fé í íþróttastarfið. Við þurfum eldhugana en þeir þurfa líka að geta lifað af starfinu. Við þurfum að geta boðið betur til að fá inn og halda öflugum þjálfurum, það er ekki sérlega fýsilegur kostur að verða frjálsíþróttabjálfari í dag, mun meira upp úr þjálfun að hafa í öðrum greinum.

Sveinn tekur undir þessi orð en bendir á tækifærin sem felast í frjálsum og þá ekki síst í dreifðari byggðum. Það er hægt að byggja íþróttina upp með tiltölulega lítilli fjárfestingu. Sveitarfélögin þurfa útsvarstekjur sem koma ekki inn nema það sé gaman að búa þar. Öflug íþróttastarf eitt af því sem gerir búsetu vænlega.

Sesselja spyr út í fjölda hlaupahópa á landsbyggðinni. Rannveig svarar og telur upp þá hópa sem hún þekkir til, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði, Sauðárkrókur, Ísafjörður, Selfoss, Borgarnes, Eyjar. Þarna gætu verið tækifæri fyrir félögin vítt og breytt um landið.

Hjördís spyr út í kostnað við að halda hlaup. Það þarf jú að borga fyrir að hafa hlaupið viðurkennt, greiða fyrir tímatöku o.fl. Sesselja lýsir því hve erfitt hefur reynst að koma á fót götuhlaupi á Blönduósi. Erfitt að ná til hlaupara og dýrt að auglýsa og borga fyrir tímatöku. Freyr bendir á að á heimasíðu FRÍ séu upplýsingar varðandi hlaupahald og svo má líka halda víðavangshlaup sem eru einfaldari í framkvæmd.

Rúnar Hjálmarsson frjálsíþróttabjálfari í fullu starfi til margra ára. Hann telur að besta leiðin til að koma starfi í gang úti á landi sé í gegnum skólana. Hefur reynst honum vel að vera með æfingar innan frístundastarfsins. Í minni samfélögum er oft ein rótgróin íþróttagrein hans reynsla að best er að vinna með þeim. Sveinn Margeirsson tekur undir það og segist hafa reynslu af því að selja félögum þá hugmynd að hlaupin séu mikilvæg til að verða betri í öðrum íþróttum. Þjóða frjálssar sem hliðargrein við aðrar íþróttir. Sum færa sig svo yfir í frjálssar ef þau finna sig ekki í hinum íþróttunum. Annar fundarmaður bendir á að aðstöðuleysi sé oft hamlandi. Krakkar í dag láta ekki þjóða sér sömu aðstöðu og fyrri kynslóðir. Rúnar svarar því á þann hátt að fyrir yngstu krakkana þurfi ekki svo sérhæfða aðstöðu fyrir Kids athletics.

Unnar tekur til máls. Hann er búinn að þjálfari í 43 ár, Byrjaði í Borgarfirðinum þar voru t.d. haldin skólamót og hann man eftir hlaupahvatningu í Kleppjárnsreykjaskóla þar sem nemendur voru hvattir til að hlaupa í frímínútunum sem skilaði sér í áhuga á íþróttinni. Svipað fyrirkomulag var fyrir austan og haldin héraðsmót sem allir skólar tóku þátt í. Tengslin við skólana mikilvæg og svo voru farandþjálfarar sem fóru á milli, það dugar ekki eitt og sér heldur þarf einhver í heimabyggð að halda starfinu úti og styðja það. Segir mikilvægt að styðja grasrótina hvað þetta varðar frekar en að bæta við



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

skrifstofum. Segir að lokum frá Grunnskólamóti UFA sem hefur virkað ágætlega til að ná inn nýjum iðkendum, tíu bestu í hverri grein hefur verið boðið að koma og æfa frítt í einn mánuð á sumri og þannig hafa oft náðst inn nýir iðkendur.

Þurý bendir á að mannauðurinn sé aðal vandamálið. Hún hefur reynslu af því að vera aðstöðulaus en með mannauðinn og þá var ekkert mál að halda starfinu úti. Hefur líka séð hvernig starfið stendur og fellur með öflugum einstaklingum. Tekur undir það sem komið hefur fram hjá fleirum að samstaf við aðrar íþróttir geti verið heillavænlegt.

Gunnar Sigurðsson þingforseti lokar umræðunum. Hann segir ekkert í umræðunum hafa komið sér á óvart. Það þarf að leggja áherslu á mannauðinn í félögunum. Það er það sem skiptir mestu máli. Setja peningana í fólkið og félögin ekki fara að búa til eitthvað nýtt. Segir að útbreiðslustarf FRÍ þyrfti að fara fram í skólunum eða í tengslum við þá, skólamót geta t.d. verið góður kostur, við þurfum að kynna krökkunum til að fá þá til okkar. Besta leiðin til að vera góður þjálfari er að vera skemmtilegur. Þjálfarinn þarf að vera fullorðinn einstaklingur og ábyrgur uppalandi. Ekki láta unglunga sjá um að þjálfa yngstu börnin. Varðandi hlaupahópa þá segir hann ekki vera hvata í kerfinu sjálfu til að fjölga iðkendum, það er vinna að halda utan um það. Minnir líka á að það er lítils virði að byggja aðstöðu ef það er enginn til að vinna að starfinu. Ekki gengisfella þá aðstöðu sem við þó höfum. Starfið getur verið öflugt og gott þótt aðstaðan sé ekki sú besta og það sé fámennt. Þarf að vera ódýrt eða helst frítt því við viljum fá alla með ekki bara þau sem hafa efni á því.

Umræða og afgreiðsla þingmála

Nefndir kynntu og lögðu fram til umræðu og samþykktar þær tillögur sem ræddar voru í nefndum á föstudagskvöld.

Allsherjarnefnd

Nefndina skipuðu Guðmunda Ólafsdóttir, Thelma Knútsdóttir og Örvar Ólafsson.

Ásamt þeim komu eftirtaldir að umræðu um tillögurnar í nefndinni: Þuríður Ingvarsdóttir, Unnar Vilhjálmsson, Laufey Harðardóttir, Gunnhildur Hinriksdóttir, Hildur Helga Einarsdóttir, Eyrún María Guðmundsdóttir, Rannveig Oddsdóttir, Sveinn Margreirsson, Helga Jóna Svansdóttir, Freyr Ævarsson, Rúnar Hjálmarsson, Freyr Ólafsson og Guðmundur Karlsson.

- Tillaga 1. Um fimmtarþraut 15 ára pílta og stúlkna, reglugerð 30
 - Í reglugerðinni kemur aðeins fram að keppt skuli með viðeigandi áhöldum en ekki hverjar keppnisgreinarnar skulu vera.
 - Tillaga um að keppnisgreinar innanhúss verði 60 m grind, 800 m, hástökk, langstökk og kúluvarp og keppnisgreinar utanhúss verði



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

80 m grind hjá stúlkum en 100 m hjá piltum, 800 m, langstökk, kringlukast og spjótkest.

- Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 2. Tímaseðill langstökk og þrístökk, reglugerð 31
 - Tillaga um að víxla langstökki og þrístökki í lið 1.1.1. um röðun keppnisgreina á daga á MÍ innanhúss. Langstökk verði á fyrri degi móts en þrístökk seinni daginn.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 3. Keppt til útslita í 11 og 12 ára, reglugerð 30
 - Nefndin leggur til að þessi tillaga sé felld. Í tillögu 4 og 7 er lagt til að allir fái að hlaupa tvisvar og betri tíminn gildi. Það einfaldar framkvæmd móta að hlaupa ekki til úrslita.
 - Tillagan felld samhljóða.
- Tillaga 4. Fyrirkomulag boðhlaupa og fjölþrautar, reglugerð 30
 - Upphafleg tillaga sneri að fyrirkomulagi boðhlaupa og fjölþrautar. Þegar tillagan var rædd í nefndinni voru einnig gerðar tillögur um nokkrar breytingar til viðbótar sem skerpa á reglum um útfærslu mótsins.
 - Lagt til að keppt væri í boðhlaupssveitum óháð kyni í flokkum 11 og 12 ára og boðhlaupið telji ekki til stiga, og félög geti sameinast um lið svo sem flestir fái að taka þátt.
 - Í flokkum 13 og 14 ára sé keppt í kynjaskiptum sveitum.
 - Í flokkum 11 og 12 ára hljóti 10 efstu í fjölþrautinni verðlaun og ef sigurvegarar í stökum greinum eru ekki í þeim hópi hljóta þeir verðlaun fyrir þá grein.
 - Í flokkum 11 og 12 ára eru hlaupnar tær umferðir í spretthlaupum og betri tími hvers einstaklings gildir til úrslita.
 - Framkvæmd 400 m hlaups í flokki 11 og 12 ára sé með sama hætti og í 800 (ekki startað í blokkum).
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 5. Breytt nafn á úrvalshóp
 - Lagt til að nafni á úrvalshóp verði breytt í Unglingalandslið FRÍ.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 6. Úrslit í sprettum innanhúss, reglugerð 31
 - Sambærileg tillaga og tillaga 3. Lagt til að hún sé felld því aðrar tillögur taka á því sama.
 - Tillagan felld samhljóða.
- Tillaga 7. Framkvæmd 400 m hlaups 11–12 ára, reglugerð 31



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Tillaga var dregin til baka af flutningsaðila því önnur tillaga tók til þess sama.
- Tillaga 8. Meistaramót Íslands innanhúss, reglugerð 31
 - Sömu tillögur og í tillögur í 4 en hér fyrir utanhússmótin.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 9. Framkvæmd 4x200m boðhlaupa, reglugerð 25
 - Lagt til að í texta um 4x200 m boðhlaup sé tilgreint að í keppni 11–14 ára innanhúss sé eingöngu fyrsta beygja boðhlaupsins hlaupin á aðskildum brautum.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 10. 300m grindahlaup, reglugerð 27
 - Tillaga um að bæta við 300 m grindahlaupi inn í reglugerðina og segja að fjarlægðir þar miðist við 400 m grindahlaup.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 11. Mönnun starfsmenn á bikarkeppnum
 - Lagt til að það félag sem heldur mótin sjái um mönnun beggja móta, en ekki aðeins móts yngri flokkanna eins og nú er.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 13. Félagaskipti, reglugerð 11
 - Lagt til að opið verði fyrir félagaskipti í apríl.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 14. Bikarkeppni FRÍ, reglugerð 32
 - Lagt til að keppnisgreinum verði fjölgað.
 - Í nefndinni var bætt við tillögu þess efnis að hver þátttakandi megi keppa í þremur greinum í stað tveggja.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 18. Skráning hlaupahópa
 - Lagt til að þingið hvetji sambandsaðila til að styðja við hlaupahópa sem óska eftir inngöngu í FRÍ.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 19. Skráning hlaupara í félög
 - Lagt til að þingið hvetji aðildarfélög FRÍ til að gefa hlaupurum kost á aðildarskráningu í formi hóflegra félagsgjalda, þ.e. árgjalds sem er ekki æfingagjöld.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 23. Reglugerðir 30 og 31 framsetning þeirra



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Lagt til að framsetningu á reglugerðum 30 og 31 um meistaramót verði breytt þannig að hvert meistaramót fái sitt eigið reglugerðarnúmer og verði gefin út sérstaklega, þar sem þó sameiginlegir þættir verði í yfirreglugerðum.
- Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 24. Meistaramót í eldri aldursflokkum utanhúss, reglugerð 30
 - Mistök voru gerð við úrvinnslu eftir síðasta frjálsíþróttaping svo breytingar sem voru samþykktar þar rötuðu ekki inn í reglugerð.
 - Breytingarnar vörðuðu stigakeppni á mastersmótum og að láta þar gilda samanlagðar prósentutölur allra keppenda samkvæmt reiknilíkani World Masters Athletics í stað stiga fyrir efstu sex sæti í hverri grein.
 - Eftir umfjöllun nefndar var ákveðið að leggja til að láta stigakeppnina í mótinu ráðast af stigum fyrir fyrstu sex sæti en veita hins vegar viðurkenningar fyrir bestu afrek karla og kvenna samkvæmt prósentuútreikningnum.
 - Einnig lagt til að hækka gjald þeirra sem eru utan félaga og þau greiði þrefalt skráningargjald.
 - Samþykkt samhljóða
- Tillaga 25. Meistaramót í eldri aldursflokkum utanhúss, reglugerð 31
 - Sömu tillögur og varðandi meistaramótin innanhúss, varðandi útfærslu á stigakeppni.
 - Einnig var bætt inn að keppnisgreinar séu að jafnaði 60 m hlaup, 60 m grind, 800, 3000, hástökk, langstökk, stangarstökk og kúluvarp.
 - Í þingnefnd var bætt inn tillögu þess efnis að hækka gjald þeirra sem eru utan félaga og þau greiði þrefalt skráningargjald.
 - Samþykkt samhljóða
- Tillaga 26. Meistaramót í víðavangshlaupum, reglugerð 33
 - Mistök voru gerð við úrvinnslu eftir síðasta frjálsíþróttaping svo breytingar sem voru samþykktar þar rötuðu ekki inn í reglugerð.
 - Breytingar vörðuðu aldursflokka og fjölda í sveitum.
 - Eftir umfjöllun nefndar var ákveðið að hækka gjald þeirra sem eru utan félaga og þau greiði þrefalt skráningargjald.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 27. Reglugerð um meistaramót í götuhlaupum í eldri aldursflokkum
 - Lagt var til að á Meistaramótum í götuhlaupum yrði einnig keppt um meistaratign í aldursflokkum.
 - Tillagan var sú að veita verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í flokkum upp að 39 ára en ein verðlaun í eldri flokkum.



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Eftir umræðu á þinginu var ákveðið að hafa það heldur eins í öllum flokkum, veita verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í heildina og fyrir 1. sæti í aldursflokki.
- Samþykkt samhljóða með gerðum breytingum.

Laganefnd

Nefndina skipuðu Sigurður Haraldsson formaður, Snjólaug M. Jónsdóttir og Helena Magnúsdóttir.

Auk þeirra komu eftirtaldir að umræðu um tillögurnar í nefndinni: Þuríður Ingvarsdóttir, Ásdís Sigurðardóttir, Gunnar Þór Gestsson, Freyr Ólafsson og Guðmundur Karlsson.

- Tillaga 20. Lyfjæftirlit Íslands
 - Tillaga um nafnabreytingu var áður Lyfjæftirlit ÍSÍ en heitir núna Lyfjæftirlit Íslands.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 21. Heimild stjórnar til að setja nýja formann fastanefndar, 19. grein laga FRÍ
 - Lagt til að eftirfarandi verði bætt við 19. grein laganna: „Ef formaður fastanefndar hverfur frá störfum áður en starfstíma lýkur þá hefur stjórn FRÍ heimild til þess að setja nýja formann sem starfar þannig fram að næsta Frjálsíþróttapingi.“
 - Samþykkt samhljóða.

Fjallað var um tillögur 12, 28 og 29 saman því þær snúa allar að heimildum til að gera reglugerðarbreytingar. Tillaga 12 að fella úr gildi leyfi stjórnar til að gera reglugerðarbreytingar. Tillaga 28 um það hvernig færa mætti þetta vald til formannafunda og tillaga 29 um starfsreglur stjórnar.

Nokkur umræða varð um þessar tillögur. Það koma upp aðstæður þar sem þarf að bregðast fljótt við og þá er gott að stjórn hafi þetta vald og getur verið of langt að bíða eftir næsta þingi. Millileið að heimila reglugerðarbreytingar á formannafundum. Þingfulltrúar telja það geta verið góða leið að formannafundur geti komið að slíkum breytingum, en þá þarf að vera vel skilgreint hverjir sitja þá og eiga atkvæðisrétt og mögulega þurfi að undirbúa þá breytingu betur.

Tekið stutt hlé meðan Gunnar Þór þingforseti, formaður laganefndar og formaður ráða ráðum sínum um það í hvaða röð sé best að afgreiða þessar þrjár tillögur. Ákveðið að byrja á tillögu 28 og síðan 12 og 29.

- Tillaga 28. Lagabreytingar á 16. og 17. grein laga um FRÍ
 - Lagt til að 7. liður í 16. grein falli út en sá liður kveður á um það að aðrar breytingar á reglugerðum en þær sem lúta að því að samræma reglur FRÍ við alþjóðareglur þurfi að fara fyrir Frjálsíþróttaping. 17. grein verði einnig breytt frá því að nægjanlegt sé að stjórn FRÍ kynni nýjar reglugerðir með rafrænum hætti í að



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

breytingar á reglugerðum taki ekki gildi fyrr en eftir kynningu og umræðu á formannafundi. Þessar breytingar kalla á breytingu á 20. grein sem fjallar um formannafundi.

- Eftir langa umræðu um þessar breytingar og hvernig ætti að útfæra þær tók laganefnd hlé til að gera tillögu að orðalagi. Eftir þá umræðu var niðurstaðan að tillögu 12, frá HSK sem var einnig í umræðunni yrði ekki tekin fyrir heldur að ná sameiginlegri sáttatillögu frá Sveini Margeirssyni þar sem kynning á formannafundi yrði lykilatriði í kynningarferli reglugerða.
- Tillaga laganefndar. Starfsreglur stjórnar, reglugerð 53
 - Tillögur varðandi verklag við reglugerðarbreytingar.
 - Breyting á 16 grein, 7. liður tekinn út en sá liður kveður á um það að aðrar breytingar á reglugerðum en þær sem lúta að því að samræma reglur FRÍ við alþjóðareglur þurfi að fara fyrir Frjálsíþróttaping.
 - Samþykkt samhljóða.
 - Lagt til að í 17. grein verði tilgreint að „Breytingar á reglugerðum taki ekki gildi fyrr en eftir kynningu og umræðu á formannafundi“.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 29. Starfsreglur stjórnar vegna setningar reglugerða, reglugerð 53
 - Farið yfir starfsreglur stjórnar varðandi reglugerðarbreytingar og orðalag samræmt til samræmis við þær lagabreytingar sem voru samþykktar samkvæmt lagabreytingum á 16. og 17. grein. Skýrt nú kveðið á í reglugerð 53 hvernig kynningu skal háttað fyrir formannafundi.
 - Samþykkt samhljóða.
- Tillaga 12. Sbr. umræðu að ofan ekki tekin fyrir vegna sáttar um tillögu 28 og 29 með betrubótum.

Fjárhagsnefnd

Nefndina skipuðu: Hjördís Ólafsdóttir formaður, Sigurður Pétur Sigmundsson og Hulda Berglind Árnadóttir.

Auk þeirra komu eftirtaldir að umræðum um tillögurnar: Freyr Ólafsson, Guðmundur Karlsson og Gunnar Þór Gestsson

- Tillaga 15. Gjaldskrá FRÍ, töflu bætt við, reglugerð 14
 - Lagfæringar á uppsetningu á gjaldskránni og hún sett upp í töflu í stað þess að hafa hana í texta.
 - Áréttað að tímarammi skráninga sé skýr í boðsbréfi.
 - Samþykkt samhljóða.



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Tillaga 16. Samtíma innheimta og skráning, reglugerð 14
 - Allir sammála um að ná þarf innheimtu nær rauntímaskráningu en kerfin eru ekki tilbúin og það þarf að skerpa á því hvað á að telja þar inn. Gæti leitt til vandamál að setja þetta inn í reglugerð áður en kerfin eru tilbúin.
 - Nefndin leggur til að tillagan sé felld niður en stjórn takið málið til umræðu.
- Tillaga 17. Breyting á greiðslum til FRÍ fyrir 6-10 ára í reglugerð 14
 - Tillagan var að felld yrði úr gildi að greitt sé gjald til FRÍ fyrir iðkendur 6-10 ára.
 - Nefndin leggur til að þessi hópur greiði hálf gjald.
 - Umræða um tillöguna og svólítið skiptar skoðanir um það hvort það eigi að taka gjald af þessum hópi og þá hvort það eigi að vera það sama og fyrir aðra eða lægra. FRÍ er að styðja við þennan hóp þótt það sé ekki í formi mótahalds eða skráningar á árangri.
 - Tillagan felld með meirihluta atkvæða.
- Tillaga 22. Fjárhagsáætlun og ársreikningar
 - Gert ráð fyrri minni tekjum af mótum þar sem við vorum með Norðurlandamót í fyrra sem við erum ekki með í ár.
 - Lægri kostnaður í mótahald með aðhaldi í tímatöku og verðlaunum og.
 - Lægri ferðakostnaður þar sem færri stórmót eru á árinu en því síðasta.
 - Samþykkt samhljóða.

Kosningar

Fyrir þinginu lágu fyrir framboð og tillögur að fólki í stjórn og nefndir. Kosning allra staðfest með lófataki.

Formaður:

- Freyr Ólafsson

Stjórn:

- Auður Árnadóttir
- J. Haukur Björnsson
- Sveinn Margeirson
- Sonja Sif Jóhannsdóttir

Varastjórn:

- Rannveig Oddsdóttir
- Björgvin Víkingsson
- Hjördís Ólafsdóttir



64. Frjálsíþróttaping

Sauðárkrókur 15. og 16. mars 2024

- Hallgrímur Egilsson
- Hafdís Ósk Pétursdóttir.

Formenn fastanefnda:

- Fræðslu og útbreiðslunefnd: Gunnhildur Hinriksdóttir
- Mannvirkjanefnd: Gunnar Svavarsson
- Mastersráð: Hafsteinn Óskarsson
- Dómaranefnd: Björgvin Brynjarsson
- Langhlaupanefnd: Friðleifur Friðleifsson
- Mótanefnd: Silja Úlfarsdóttir
- Íþrótt- og afreksnefnd: Magnús Valgeir Gíslason
- Laganefnd: Guðmundur H. Guðmundsson
- Skráningarnefnd: Bergur Hallgrímsson
- Unglinganefnd: Matthías Már Hreiðarsson

Uppstillingarnefnd:

- Magnús Jakobsson, kaftinn
- Sigríður Anna Guðjónsdóttir
- Hreinn Ólafsson

Skoðunarmenn reikninga:

- Aðalmenn: Kristinn Guðlaugsson og Hannes Strange
- Varamenn: Sólveig Kristjánsdóttir og Guðlaug Baldvinsdóttir

Fulltrúar á þing ÍSÍ:

Ákvörðun vísað til stjórnar.

Önnur mál

Sigurður Pétur ræðir um mótamál. Félögin þyrftu e.t.v. að vinna betur saman varðandi mótamál. Mörg mót illa sótt svo félögin eru að gefast upp á að halda þau.

Þingslit

Freyr þakkar starfsmönnum sambandsins fyrir góð störf.

Þakkar einnig fráært starf eldri sjálfboðaliða sem hafa unnið að því að skrá sögu félagsins en afrakstur þeirrar vinnu er orðinn sýnilegur á heimasíðu FRÍ.

Þakkar fráfarandi stjórnar- og nefndarfólki fyrir þeirra mikilsverða framlag á liðnu tímabili.

Þakkar fulltrúum á þinginu fyrir vel unnin störf.

Þingi slitið kl. 14.11